

ALÞÝÐUBLAÐIÐ

riðjudagur 14. nóvember 1995

Stofnað 1919



173. tölublað - 76. árgangur

■ Kvennalistinn ætlað að fjölga röddum sínum á þingi með því að kalla inn varamenn

Brot á lögum um þingskör?

Kvennalistinn hefur lýst því yfir að ingleikur hans munu í auknunum mæli tala inn varaptingmenn til að gera leiri röddum kleift að tjá sjónarmið Kvennalistans. Lögum samkvæmt er kjörnum þingmönnum skylt að sækja illa þingfundu nema nauðsyn banni, eins og segir í þingskaparlögum. Ástæður fyrir forföllum aðalmannna eru yfirleitt opinber erindi erlendis, veikindi eða sérstakar annir.

Í 53. grein laga um þingskör segir í 2. málsgrein: „Ef þingmaður forfallast

svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann jafnþykna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynrir þinginu bréfið. Þegar varamaður tekur sæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en tvær vikur nema þingið hafi áður verið rofið eða því frestað. Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nemur fjarvist sé vegna veikinda eða

þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.“

Í Handbók Alþingis 1991 kemur fram að varaptingmenn á kjörtímbilinu 1987-91 voru samtals 69. Áttu varaptingmenn tóku síðar á kjörtímbilinu fast sæti vegna afsagnar eða andlás aðalmannna. Ástæður fyrir forföllum aðalmannna á þessu kjörtímbilinu voru opinber erindi erlendis 70,7%, veikindaleyfi 19,7% og annir, veikindi 9,6%. Í fréttum um helgina af landsfundinum Kvennalistans kom fram að ætl-

unin væri að kalla inn varabingmenn flokksins í auknunum mæli. Í frétt frá Samtökum um Kvennalista um landsfundinn segir um þetta atriði: „Nýjar starfsreglur fyrir þingflokk Kvennalistans voru sampykktar sem miða að því að efla tengsl þingflokksins við aðrar Kvennalistakonur og gera fleiri röddum kleift að tjá sjónarmið Kvennalistans.“

Alþyðublaðinu tókst ekki að ná tali af þingkonusum Kvennalistans í gær vegna þessa máls.

■ Óvissa um framtíð Kvennalistans

Lélegar forystukonur


- segir Helga Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi.

„Ef merkisberinn í boðhláupi kvennabærtunnar missir merkið, týnir því eða lætur einhvern óviðkomandi fá það að að víkja honum í burtu. Það er varla rúm nema fyrir einn merkisbera í baráttunni og Kvennalistinn hefur fallið á prófinu bæði hvað varðar meðferð að lýðræði innan flokksins og hugmyndraðileghefður litið verið að gerast. Mér finnst því Kvennalistinn hafa lélegar forystukonur,“ sagði Helga Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi í samtali við Alþyðublaðið um landsfund Kvennalistans. Helga hefur tekið þátt í kvennabaráttu í 25 ár. Fyrst með Rauðsokkuhreyfingunni og síðan Kvennalistunum þar til hún sagði skilið við flokkinn í kjölfar þess að ekki var farið eftir niðurstöðum prófkjörs flokksins í Reykjaneskjördæmi heldur ákvæðið að endurtaka prófkjörið. Helga telur Kvennalistann vera að enda í sömu eynd og Rauðsokkuhreyfingin á sínum tíma. „Ef maður er að gefa sig út fyrir að fara í forystu fyrir svona grafaþarlegar hreyfingu og mikilvægt mál sem kvennabaráttan er, þá verður maður að vita að það þarf klof til að riða röftum. Það verður að gera kröfur til forystukvenna. En það er enginn sem segir að kvennabaráttan þurfi að vera í formi stjórmálflokkus. Það eru margir möguleikar í stöðunni og ég held að það séu konur um land allt sem brenna í skinninu eftir að fá vettvang til að ræða málín. Miklu viðari heldur er innan Kvennalistans og það er nokkuð seint í rassinn gripið að ætla að efla Kvennalistann nuna,“ sagði Helga. „Þær sem stýra málum Kvennalistans nuna falla í margar gryfjur meðal annars af því þær skortur yfirsýn, þekkingu, reynslu og þær afneitudo fortíðinni. Rauðsokkuhreyfingin byrjaði hressilega en sigldi inn í þrónt og einstengislegt far og endaði í hálfgerði eymd. Ég óttast að það sama sé að gerast með Kvennalistann og var búin að afskrifa hann sem afl í kvennabaráttunni. En ég er ekki búin að segja skilið við kvennabaráttuna,“ sagði Helga Sigurjónsdóttir.

■ Samkeppnisstofnun

Skatturinn á hálum ís

Samkeppnisráð hefur vakið athygli fjármálaráðherra á því álti sínu að túlkun skattayfirvalda á reglum um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi ríkis og sveitarfélaga takmarki frelsi í atvinnurekstri og aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Leggur ráðið til að orðalagi reglugerðarinnar verði breytt þannig að sjálfstætt starfandi sérfraðingum sem vinna fyrir hið opinbera verði ekki mismunað eftir því hvort þeir hafi háskólaprófi eða ekki. Í reglugerð fjármálaráðuneytis um endurgreiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi er ákvæði þar sem kveðið er á um að endurgreiða skuli ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra af virðisaukaskatti af vinnu og þjónustu verkfræðinga, teknifræðinga, arkitekta, lögfraðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu. Hefur ríkisskattstjóri túlkað ákvæðið á þann veg að ríki og sveitarfélög skuli einungis fá endurgreiddan virðisaukaskatt af að keypti vinnu sérfraðinga sem lokið hafa háskólaprófi eða aldeilis samþerilegu langskólanámi. Með hess-



■ Landsfundur Kvennalistans

Engar ályktanir um þjóðmál

Ymis þjóðmál voru rædd í hópum á landsfundum Kvennalistans um helgina en „formlegar ályktanir voru ekki gerðar um þau,“ segir í frétt frá Samtökum um Kvennalista. Í fréttinni segir að fundurinn hafi einkennst af miklum umræðum um framtíð samtakanna. Fundarkonur hafi ekki verið á einu máli um hvaða leiðir væru vœnlegastar í baráttunni fyrir kvenfrelsi. Niðurstaða landsfundarins var að efla þyrfti Kvennalistann og snúa vörn í sókn. Framkvæmdaráði Kvennalistans var falið að koma umræðunni í frjóan farveg í öllum öngum Kvennalistans þar sem ræddar yrðu til hlítar mismunandi leiðir að settu marki. Sampykkt var að viðhalda útskiptareglu Kvennalistans sem kveður á um að fulltrúa hans sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil.